

M-81/2018. Álit 2. september 2019.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-81/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. október 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á gleri og þjónustu af Y, hér eftir seljandi.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt þjónustu og gler hjá seljanda sem starfsmaður seljanda setti upp í glerhús á fasteign álitsbeiðanda árið 2014. Glerið virðist seljandi hafa keypt af þriðja aðila, Z, þann 27. maí 2011. Glerið er að sögn álitsbeiðanda skemmt í fjórum af sex rúðum sem starfsmaður seljanda setti upp fyrir álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi telur skemmdirnar m.a. stafa af því að eitthvað hafi komist á milli rúðanna í tvöfalda glerinu. Hefur álitsbeiðandi krafist þess að seljandi bæti úr skemmdunum en seljandi hefur neitað að bera ábyrgð á skemmdunum þrátt fyrir að þjónustan hafi verið keypt af seljanda. Seljandi hefur bent álitsbeiðanda á að leita til Z vegna skemmdanna.

Hinn 20. júní 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda, s.s. samningi um kaup á þjónustu af seljanda, reikningi fyrir þjónustuna, skriflegum samskiptum við seljanda auk upplýsinga um samskipti álitsbeiðanda við seljanda og Z.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV
Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson